

Fréttabréf AFLs

3. tbl. 2023

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



Andlitslyfting á Höfn

Húsnæði AFLs Starfsgreinafélags á Höfn hefur verið tekið í gegn að utan í sumar. Skipt var um utanhússklæðningu, gert var við þakkant og skipt um alla glugga og hurðir.

Húsið er í eigu fleiri aðila og náðist samkomulag meðal eiganda um framkvæmdirnar sem Verkfærni ehf. hefur annast.

Húsið var í frekar slæmu ástandi fyrir viðgerð og var m.a. farið að bera á leka í þeim enda sem AFL á og þurfti að gera við grind þess á nokkrum stöðum.



Í framhaldi af þessari viðgerð verður farið í viðhald og endurnýjun innandyra. Ekki verða gerðar stórkostlegar breytingar á neðri hæð nema hvað móttaka verður flutt til og gerð betri aðstaða fyrir starfsmann í móttöku.

Á efri hæð verður eldhús flutt og fundarsalur minnkaður verulega. Þannig verður unnt að bæta við einni skrifstofu.

Reiknað er með að innandyra standi framkvæmdir stóran hluta vetrarins og mun starfsemi félagsins verða flutt á efri hæð á meðan unnið verður að lagfæringum á þeirri neðri.

Staðan í samningamálum

Sveitarfélögin

Viðræður standa yfir á milli Starfsgreinasambandsins og Sambands Íslenskra Sveitarfélaga um gerð skammtímasamnings, en gildandi kjarasamningur rennur út í lok nóvember. Samningafundur var haldinn á milli aðila í síðustu viku og eftir hann liggja fyrir drög að skammtímasamningi og má gera ráð fyrir að takist að ljúka samningi fljótlega.

Vigdísarholt vegna Skjólgarðs

Viðræður AFLs við samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, sem hafa samningsumboð fyrir Vigdísarholt, hafa siglt í strand og vísaði AFL deilunni til



Hjúkrunarheimilið Skjólgarður á Höfn.

ríkissáttasemjara fyrir í sumar. Fyrsti fundur ríkissáttasemjara með deiluaðilum var haldinn í síðustu viku þar sem samningsaðilar kynntu og rökstuddu sín sjónarmið. Mikið ber á milli aðila í launþættinum.

Þess má geta að félagsmenn sem starfa í Skjólgarði vinna eftir tveim mismunandi kjarasamningum, þeir sem voru við störf þegar Vigdísarholt tók við rekstrinum starfa samkvæmt kjarasamningi við sveitarfélögin en

þeir sem hafa ráðið sig til starfa frá því að Vigdísarholt tók við rekstrinum starfa eftir samningi sem AFL gerði við nýja stjórnendur og er það endurnýjun hans sem deilan stendur um.

Sjómannasamningar

Viðræður Sjómannasambandsins við SFS hafa að mestu legið niðri síðustu vikur en boðaður hefur verið fundur framkvæmdastjórnar SSÍ 23. ágúst og í kjölfarið er stefnt að því að hitta Ríkissáttasemjara og eftir atvikum fulltrúa SFS.



Kjaradeila Sjómannasambandsins hefur verið í „pattstöðu“ frá því að samningar voru felldir 10. mars sl.

Ríflega sjö þúsund manns greiða í AFL

Á síðustu mánuðum hafa um 7.200 félagsmenn greitt iðgjald til AFLs. Þar af eru um 5.000 í fullu starfi en rösklega 2.000 í hlutastarfi.

Í félaginu eru einstaklingar frá 57 ríkjum – þ.e. með ríkisborgararétt frá 57 mismunandi ríkjum. Félagsmenn með íslenskan ríkisborgararétt eru fjölmennastir eða 4.400 tæplega á meðan félagsmenn með erlent ríkisfang eru tæplega 3.000.

Fjölmennastir utan Íslendinga eru félagsmenn með pólskt ríkisfang eða rösklega 1.100 einstaklingar.



Nýr starfsmaður AFLs

Ásdís Helga Jóhannsdóttir er nýr starfsmaður AFLs með aðsetur í Neskaupstað. Ásdís er 27 ára gömul og hefur viðtæka reynslu úr atvinnulífinu. Hún hefur m.a. unnið við trésmíði og lokið hluta af trésmíðanámi, hefur alþjóðleg réttindi sem íþróttahjálfari og er virk í starfi blakleiddar Þróttar í Neskaupstað.

Áður en Ásdís kom til starfa hjá félaginu vann hún við umönnun á hjúkrunardeild HSA í Neskaupstað og var trúnaðarmaður AFLs þar.

Ásdís sat í stjórn AFLs þar til í vor er hún hætti þegar ljóst var að hún væri að ganga til liðs við félagið sem starfsmaður. Hún situr í stjórn ASÍ Ung og hefur verið

virki í starfi samtakanna. Hún er fulltrúi ASÍ Ung í málefnanefndum Alþýðusambandsins og situr m.a. í jafnréttisnefnd ASÍ.

Ásdís var ráðin til að sinna vinnustaðaeftirliti á Austurlandi en það er starf sem að mestu er unnið yfir sumarmánuðina. Í vetur mun hún vinna við almenn afgreiðslustörf en með sérstakri áherslu á að aðstoða félagsmenn við hagsmunagæslu, innheimtu vangreiddra launa.

Vinnustöð Ásdísar verður á skrifstofu AFLs í Neskaupstað en hún verður einnig talsvert á ferðinni og með aðstöðu á öðrum skrifstofum félagsins – allt eftir því sem verkefnið kalla á.

Stjórn félagsins og samstarfsfólk bjóða Ásdísi velkomna til starfa.



Ásdís Helga Jóhannsdóttir


Yngsti félagsmaður AFLs er 12 ára gamall

112 einstaklingar undir 16 ára aldri greiddu félagsgjöld á síðasta ári og skiptist aldur þeirra eins og sjá má á meðfylgjandi stöplariiti.

Langflestir í þessum hóp unnu á hótélum og veitingahúsum eða 59 alls. Átta unnu við verslunarstörf, sex við fiskvinnslu og síðan dreifðust hinir á fjölda starfsflokka – þ.á.m. einn 15 ára piltur sem vann sem hafnarverkamaður.

Þess má geta að þessi ungmenni unnu allt frá því að vera í nánast fullu starfi í einn mánuð eða lengur og niður í að koma inn nánast dagpart en nóg til að greidd voru laun og launatengd gjöld af starfinu.


Þannig voru heildartekjur þessara félagsmanna sl. 12 mánuði frá 7.500 krónum og upp í röskar 2,5 milljónir króna. Meðaltekjur hópsins voru 484.000 krónur á liðnum 12 mánuðum.



Við hvað starfa yngstu félagsmennirnir?

Undir 18 ára aldri voru 622 félagsmenn á síðustu 12 mánuðum og greindust í starfsgreinar eins og sjá má á meðfylgjandi súluriti. Athygli vekur að tæplega 20 félagsmenn á þessum aldri vinna sem bílstjórar og tækjamenn - en það er því rétt að það komi fram að allir þessir eru 17 ára gamlir.

Í þessum hóp eru einnig þeir sem fjallað var um og eru á aldrinum 12 – 15 ára.



Endurbætur á sumarhúsum í Lóni

Ráðist verður í endurbætur á sumarhúsum AFLs í Lóni í haust og verða þau meðal annars stækkuð lítillega. Gerð verður breyting á eldhúsi þannig að unnt verði að koma fyrir uppþvottavélum í húsunum.

Húsin hafa ekki fengið mikið viðhald frá byggingu þeirra og verða þau því endurnýjuð að verulegu leyti innandyra.


Reikna má með að þessum tveimur húsum AFLs verði lokað í 2 – 3 mánuði á meðan viðhaldi stendur.

Lokið er endurbótum allra húsa félagsins á Einarstöðum. Næst má búast við að hús félagsins á Illugastöðum fái viðhald en síðast var unnið við þau fyrir um 15 árum.



AFL er ungt félag

Yfir 50% félagsmanna AFLs starfsgreinafélags eru á aldrinum 21 – 40 ára og eru 33% félagsmanna á aldrinum 21 – 30 ára.




Á meðfylgjandi mynd má sjá dreifingu félagsmanna eftir aldri.

Í ljósi þess að langfjölmennasti aldursflokkurinn er 21 – 30 ára rýnum við í þessu fréttabréfi nokkuð í tölfræði þessa hóps. Við skoðum meðal annars meðaltekjur - bæði eftir aldri og eftir starfsflokkum. Einnig skoðum við hvað fólk starfar og hver meðal starfstími á síðustu 12 mánuðum er.


Meðaltekjur fólks á aldrinum 21 – 30 ára á mánuði hækka nokkuð með aldri upp að 25 ára aldri en eru nokkuð stöðugar eftir það.

Starfstími í þessum aldurshóp var að meðaltali 6,75 mánuðir á síðustu 12 mánuðum en félagsmenn á þessu aldursbili vinna í eftirfarandi starfsgreinum (sjá línurit).


Um 30% af öllum félagsmönnum á þessum aldri vinna á hótelum og veitingahúsum, um 11% hjá sveitarfélögum, um 9% við fiskvinnslu og 6% við stóriðju.




Meðallaun félagsmanna 21-30 ára.



Appelsínugula línan er blutfall af heild – og því brattari sem línan er fyrir ofan hvern starfshóp – því fleiri vinna í viðkomandi starfsgrein.



Meðal starfstími í mánuðum eftir aldri síðustu 12 mánuði.



Meðal mánaðartekjur eftir starfsgreinum í hópi félaga á aldrinum 21.-30 ára.

Meðaltekjur á mánuði eru mjög breytilegar eftir starfsgreinum. Í þessum samanburði er ekki litið til starfshlutfalls heldur aðeins heildartekna og fjölda mánaða sem viðkomandi var við störf. Sjómenn eru langtekjuhæstir með tæpar 1,4 milljónir að meðaltali. Þá koma starfsmenn fiskimjölsverksmiðja með tæpa milljón á mánuði. Tekjulægsti hópurinn er við hársnyrtingu en síðan er starfsfólk í ferðaþjónustu og atvinnulausir.

Úttekt

Hvernig eru starfskjörin í vinnuskólunum?

Ákvörðun um starfskjör í vinnuskólum sveitarfélaga er í höndum sveitarstjórnar á hverjum stað. Þetta hefur leitt til þess að starfskjörin eru mjög mismunandi eftir stöðum, bæði hvað varðar tímakaup og síðan vinnutíma sem aftur hefur áhrif á tekjumöguleika ungmennanna. Þá eru í gildi leiðbeiningar um hvernig vinnuskólinn eigi að vera blanda af leik, vinnu og fræðslu.

„Aðkoma okkar að kjörum í vinnuskólunum er í raun engin. Á sínum tíma voru fyrirrennarar AFLs með samninga við Hornafjarðarbæ um störf ungmenna sem voru þá skilgreind sem störf. Þetta hefur vafalaust einnig gilt á fleiri stöðum á svæðinu. Síðan hefur þessu verið breytt í vinnuskóla. Fræðsluhlutinn á annars vegar að vera kennsla í að vinna, hins vegar fræðsla eins og ungmennin fá um ýmsa hluti.

Samkvæmt ákvörðun sveitarfélaga þá falla þessi störf utan við kjarasamninga. Við höfum gagnrýnt að fá ekki að semja fyrir hönd krakkanna í vinnuskólunum. Útkoman er hrópanði misræmi milli sveitarfélaga,“ segir Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLS.

Mismunandi kjör eftir sveitarfélögum

Ósamræmið má sjá í úttekt sem AFL birti á heimasíðu sinni, asa.is, um miðjan júlí. Sé horft til elsta hópsins, barna sem fædd eru árið 2007, er tímakaupið hæst á Vopnafirði, 2.227,41 kr., 1.862,11 kr. í Fjarðabyggð, 1.729 kr. í Múlaþingi og Langanesbyggð og 1.467 kr. á Hornafirði.

Þar með er ekki öll sagan sögð. Ekki er alls staðar gert ráð fyrir vinnu 13 ára barna, fæddum 2010, auk þess sem vinnutíminn getur verið mismunandi sem aftur hefur áhrif á heildarlaunin.

Hækkanir í kjarasamningum skila sér ekki til ungmennanna

Til samanburðar má nefna að í Reykjavík er tímakaup elsta hópsins 1.184 krónur, helmingi lægra en á Vopnafirði. Borgarstjórn komst í fréttirnar í byrjun sumars þegar hún á sama fundinum hækkaði eigin laun en gerði það ekki fyrir vinnuskólann. Á vef borgarinnar er bent á að launin hafi í fyrra verið hækkuð um 7%.

„Ákvörðun borgarstjórnar var ótrúleg þar sem síðasta vetur voru gerðir kjarasamningar við sveitarfélögin með umtalsverðum hækkunum. Þær skila sér ekki til



Hvíldarstund í sólskini í vinnuskóla Múlaþings.

krakkanna í vinnuskólunum. Þetta sýnir okkur hvernig staðan væri almennt ef ekki væru hér stéttarfélag sem gerðu samninga,“ segir Hjördís Þóra.

Verða tómstundirnar undir?

Árið 2012 gengu samband íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambandið frá leiðbeinandi viðmiðunarreglum um vinnuskóla sveitarfélaga í samræmi við bókun sem gerð var við kjarasamninga við sveitarfélögin ári fyrr. Þar er meðal annars fjallað um leyfilegan vinnutíma, öryggi í vinnunni og inntak vinnuskólans. „Eðlilegt er að námsefni vinnuskólans, samanstandi af þessum þrem þáttum: Fræðsla, tómstundir og vinna. Samsetning námskrár og hlutfall þessara þátta fari eftir aldri, getu og áhuga nemendanna,“ segir þar meðal annars. „Okkur virðist að tómstundirnar eða leikurinn sé orðinn lítill þáttur í skipulagi vinnuskólanna,“ segir Hjördís Þóra.

Helsta aðkoma AFLs er að fylgja eftir öryggi í vinnuskólunum. „Það gilda sömu reglur um öryggi í vinnunni og annars staðar. Við sjáum ungmennin jafnvel mála gangstéttarbrautir eða brúnir þar sem er umferð. Slíkar aðstæður geta verið hættulegar og á þeim er tekið í þessu leiðbeiningarítí.“

Ungmennin í vinnuskólunum eru stundum gagnrýnd fyrir slök afköst í vinnunni. Hjördís Þóra segir þá gagnrýni ósanngjarna. „Það er stundum fundið að því að þau sitji í beðunum. Vinnan er á ábyrgð stjórnenda vinnuskólanna fyrir utan að það er ekki hægt að ætlast til fulls framlags af krökkum á þessum launum.“

Helstu ráðningarkjör í vinnuskólum sveitarfélaga á félagssvæði AFLs.

Fæðingaár	Fjarðabyggð	Vopnafjörður	Múlaþing/ Langanesbyggð	Hornafjörður
2010			798 kr. 6 vikur 4 dagar/viku 3 klst./dag =57.456 kr.	858 kr.
2009	1.064,06 kr. 5 vikur 5 dagar/viku 4 klst á dag =106.406 kr.	1.583,99 kr. 4 vikur 5 dagar/viku 4 klst á dag =126.719,2 kr.	1.197 kr. 7 vikur 4 dagar/viku 3 klst á dag =100.548 kr.	978 kr.
2008	1.330,08 kr. 6 vikur 5 dagar/viku 4 klst á dag =159.609,6 kr.	1.905,7 kr. 6 vikur 5 dagar/viku 8 klst á dag =457.368 kr.	1.463 kr. 10 vikur 4 dagar/viku 6 klst á dag =351.120 kr.	1.223 kr.
2007	1.862,11 kr.	2.227,41 kr. 10 vikur 5 dagar/viku 8 klst á dag =890.964 kr.	1.729 kr. 10 vikur 4 dagar/viku 6 klst á dag =414.960 kr.	1.467 kr.

Athugasemdir:

Grunneiningin er laun í krónum á klukkustund.

Fjarðabyggð er með eina vinnuviku skilgreinda sem fræðsluviku. Fyrir 14 ára er hún skilgreind í sjávarútvegsskólunum.

13,04% orlof reiknast ofan á launin.

Samkvæmt reglum mega 13 og 14 ára mest vinna 7 tíma á dag en 15 ára og eldri mega vinna 8 tíma. Ungmennin mega ekki vinna frá klukkan 20 á kvöldi til 6 á morgnana.

Upplýsingar fengnar af heimasíðum sveitarfélaga eða frá launafulltrúum. Þar sem upplýsingar á heimasíðum eða í fyrri umföllum AFLs þóttu ekki fullnægjandi var óskað eftir frekari skýringum. Þær bárust ekki í öllum tilfellum áður en blaðið fór í prentun.